

AUGLÝSING

um deiliskipulag á lögbýli Miðengis, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag á lögbýli Miðengis, Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 28. júní 2000.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Hákotsvör 10, Bessastaðahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti hreppsnefnd Bessastaðahrepps þann 20. júní 2000 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Hákotsvör 10 í Bessastaðahreppi frá skipulagi, dags. 2. júní 1998. Breytingin felst í því að byggingarreitur er færður og stækkaður og gólfkóti hækkaður.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bessastaðahreppi, 26. júní 2000.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015, Fossland, Árborg.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. júní 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015 frá 4. september 1996.

Breytingin varðar svæðið Fossland sem afmarkast af Ölfusá í vestur, lóðamörkum Selfossjarðar og Þóristúns í norður, Eyravegi í austur og landamörkum Hagalands í suður.

Breytingar eru eftirfarandi:

- Svæði sem skilgreint var „til notkunar eftir skipulagstímabil“ er tekið til notkunar.
- Svæði sem skilgreint var sem opið svæði til sérstakra nota, næst Ölfusá, breiðkar og verður um 60 m breitt.
- Áður skilgreint opið svæði, óbyggt sem og íbúðasvæði til afnota eftir skipulagstímabil verður samfellt íbúðasvæði ásamt tilheyrandi leik- og útivistarsvæðum.
- Svæði sem skilgreint er sem flóðasvæði minnkar en til mótvægis skal gera yfirfallsrás.